

Meðbyr ehf.
Birkiási 33
210 Garðabær

Reykjavík, 28. febrúar 2022
UST202201-087/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir starfsemi - Eldslóðin - utanvegahlaup – Vífilstaðavatn, Búrfellsgjá og Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Meðbyr ehf., dagsett 7. janúar 2022, um leyfi til hlaupaviðburðar innan friðlýstu svæðana Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá, Vífilstaðarvatns og Reykjanesfólkvang

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 687/2020. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Almennungi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Notkun fjarðstýrða loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á jarðrask, aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Vífilstaðavatn er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 1064/2007. Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatns og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórn Garðabæjar.

Lýsing verkefnis:

Kort sem sýnir hlaupaleiðina sem liggur í gegnum friðlandið við Vífilstaðavatn og náttúruvættið Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá og Reykjanesfólkvang fylgdi með umsókn. Jafnframt fylgdi með linkur á heimasíðu hlaupsins þar sem er að finna leiðarlýsingar fyrir 5 km hlaupaleið í kringum Vífilstaðavatnið og 9 km leið sem liggur meðfram Vífilstaðarvatninu og um Vífilstaðarhlíð. Í heildina er gert ráð fyrir að allt að 650 manns taki þátt í hlaupunum og fylgdu með upplýsingar um áætlaðan fjölda hlaupara á hverri leið. Hlaupaleiðin, sem mun eingöngu fylgja merktum stígum eða vegum, verður merkt með keilum, fánum og borðum. Allar merkingar verða fjarlægðar þegar seinasti hlauparinn hefur farið hjá. Að hlaupinu koma 15 starfsmenn. Ræsing, endamark og önnur aðstaða verður staðsett við bílastæði utan friðlandsins við Vífilstaðarvatn. Hlaupið mun fara fram 3. september 2022.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á svæðið en sé farið eftir skilyrðum leyfisins ættu þau að vera afturkræf. Umhverfisstofnun hefur staðið að viðhaldi gönguleiða í Búrfellsgjá síðasta sumar og það mat stofnunarinnar að gönguleiðin þoli álagið sem hlaupinu fylgir að upphafi Kaldárselsleiðar. Tímabundin truflun verður fyrir gesti á svæðinu á meðan hlaupið stendur yfir. Varðandi 5 km keppnisbraut í kringum Vífilstaðavatn þá tók Umhverfisstofnun út ástand á göngustígnum þann 31. ágúst sl. Stígurinn er þröngur og viðkvæmur þegar komið er að botnlanganum þar sem stígurinn fer yfir mýri norðaustan megin við vatnið. Þar er göngustígurinn ekki lagður mól heldur þjappaðri mold sem gæti orðið að forarsvaði í rigningu samhliða mikilli umferð fólks. Það er mat sérfræðings að forðast skuli að skipuleggja keppnishlaup í kringum vatnið, þar sem nú þegar mikill ágangur og álag er á þessu viðkvæmu svæði innan friðlandsins, sérstaklega yfir mýrina. Mælt er með að skipuleggjendur skoði aðrar leiðir fyrir 5 km hlaupakeppni.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um friðlandið við Vífilstaðavatn og Reykjanesfólkvang, sbr. auglýsingum um friðlýsingu, að verkefnið sé ekki leyfisskyt af hálfu stofnunarinnar innan svæðana.

Umhverfisstofnun veitir Meðbyr ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir að halda utanvegahlaup innan friðlýsta svæðisins Búrfellsgjár og Selgjár sbr. lýsingu hér að ofan þann 3. september 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal hlaupið eftir merktum gönguleiðum og vegum.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum við hlaupaleið degi áður en hlaup hefst til að upplýsa gesti svæðisins um fyrirhugaðan viðburð og tímasetningar á honum. Varðandi utanvegaakstur
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi á og við hlaupaleiðina. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hlaupaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Meðferð elds er óheimil, þ.m.t. ferðagrilla.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 6. gr. laga nr. 60/2013 um almenna aðgæsluskyldu þar sem fram kemur að öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélaganna Garðabæjar og Hafnarfjarðar þarf fyrir verkefninu auk Skógræktarfélags Reykjavíkur og stjórnar Reykjanesfólkvangs.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

René Biasone
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur